

Umhverfis- og skipulagssvið Skipulagsfulltrúi Reykjavíkurborgar  
Þuríður María Guðmundsdóttir  
Borgatúni 12-14  
105 Reykjavík

Reykjavík, 10. júní 2024  
UST202405-300/A.B.  
10.04.02

## Efni: Lýsing - Breyting á deiliskipulagi - Elliðaárdalur - Reykjavíkurborg

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Reykjavíkurborgar er barst 30. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu að breytingu á deiliskipulagi fyrir Elliðaárdal.

Í greinargerð kemur fram markmið með deiliskipulagsbreytingunni er að uppfæra deiliskipulag fyrir Elliðaárdalinn þar sem árbæjarlónið verður ekki lengur til staðar og náttúrulegir árfarvegir eru endurheimtir. Fjallað verður um nýtt hlutverk Árbæjarstíflu sem aðgengileg tenging yfir dalinn ásamt mögulegum dvalar og áningarstöðum. Í deiliskipulagsvinnunni verður lögð áhersla á lífríkið á svæðinu og hugsanlegar mótvægisáðgerðir vegna frárennslis frá byggð í Elliðaárna. Neðan stíflunnar er markmið breytts skipulags að auka umferðaröryggi um Rafstöðvarveg meðan staðinn er vörður um sjónræn tengsl Árbæjarstíflu og Elliðaárvirkjunar. Markmiðið er að umhverfi og dalurinn allur verði áfram einstök náttúru og útivistarperla.

Auk þess segir að í umhverfismati áætlunarinnar verður fjallað um áhrif af fyrirhuguðum breytingum á nærliggjandi svæði, á vistkerfi, vatnsbúskap, auðlindir, landslag, heilsu, öryggi, hagkvæmni, veðurfar og varðveislugildi. Ásýnd og svipmót byggðar og fleiri umhverfisþætti.

Sérstaklega verði tiltekið í umhverfismati áætlunarinnar hvernig uppfyllt verði það ákvæði vatnalaga að umhverfi verði fært til fyrra horfs svo sem kostur er.

### Hraun

Umhverfisstofnun bendir á að í dalsbotninum liggur hraun sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúruyfyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýna nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Auk þess er eitt af einkennum dalsins landslag, klettamyndanir og jarðminjar sem mikilvægt er að vernda.

Fjalla þarf því um áhrif breytingarinnar á jarðminjar sbr. 61. gr. náttúruverndarlaga í umhverfismati.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson

**sérfræðingur**

Sverrir Aðalsteinn Jónsson

**teymisstjóri**